

Samþykkt

um hundahald í Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi

I. KAFLI

Meginreglur, skyldur eiganda, bannaðar hundategundir og orðskýringar.

1. gr.

Orðskýringar.

Í samþykkt þessari er merking eftirfarandi orða og orðasambanda sem hér segir:

Ábyrgðartrygging: ábyrgðartrygging vegna þess tjóns sem hundur veldur 3ja aðila. Ábyrgðartrygging skal ná til alls tjóns sem hundur kann að valda fólki, dýrum, gróðri og munum í eignum annarra en eiganda hundsins sjálfs.

Eigandi: eigandi eða umráðamaður hunds, sem er til heimilis á lögheimili eiganda.

HEF: Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.

Þjónustuhundur: hundur sem nýttur er sem þarfahundur á lögbylum, sérþjálfaðir leiðsögu- og hjálparhundar, björgunarahundar og löggæsluhundar.

2. gr.

Meginreglur og skyldur eiganda.

Heimilt er að halda hunda í Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi að því gefnu að eigandi sé lögráða, hundurinn sé skráður í hundaskrá sveitarfélaganna og að uppfyllt sé þau skilyrði sem sett eru í samþykkt þessari, sem og í lögum og reglugerðum sem gilda um dýrahald.

Eiganda ber að tryggja góða meðferð, aðbúnað og umönnun hunds í samræmi við tegund, aldur, eðli og eiginleika dýrsins.

Eigandi skal afla sér þekkingar á eðli og atferli hundsins og tryggja að þarfir hans séu uppfylltar. Eigandi skal sýna hundi nærgætni og virðingu og tryggja að dýrinu sé ekki misboðið.

Eigandi skal tryggja eftir fremsta megni að hundur sleppi ekki úr umsjá hans. Strax og eigandi verður þess var að hundur hafi sloppið skal hann gera ráðstafanir til að finna hundinn og handsama hann.

Eigandi skal gæta þess vel, að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði, né raski ró fólks og dýra og skal eigandi ávallt þrifa upp skít eftir sinn hund.

Eigandi skal gæta þess að fara ekki með hund í aðstæður, s.s. fjölmennar samkomu, þar sem hundur kann að þola illa.

3. gr.

Heilbrigðiseftirlit.

HEF annast utanumhald og umsýslu vegna skráningar hunda í samræmi við samþykkt þessa. HEF sér einnig um fræðslu og upplýsingagjöf um gæludýr til eigenda og almennings, þ.m.t. um dýrahald í þéttbýli og þær reglur sem um það gilda hverju sinni.

HEF sér um föngun og vistun hunda í vanskilum, móttöku dýra í hremmingu, samskipti við aðrar stofnanir sem hafa með dýravelferð að gera, Matvælastofnun, dýraeigendur og hagsmunasamtök þeirra eftir því sem við á. Þá fer HEF með eftirlit með því að samþykkt þessari sé framfylgt.

HEF er heimilt að semja við þriðja aðila um föngun, móttöku, vistun og ráðstöfun hunds í vanskilum.

II. KAFLI

Skráningarskylda, umsjón og eftirlit

4.gr.

Skráningarskylda.

Eigandi skal innan mánaðar frá því að hann fær hund til umráða skrá hann hjá HEF á www.island.is eða vefsíðu HEF. Skráning tekur einungis til eins ákveðins hunds og gildir á meðan hann lifir. Skráning hunds er bundin við eiganda og lögheimili hans, sem skal vera lögráða. Skráning hunds er ekki framseljanleg. Eftirfarandi upplýsingar skulu liggja fyrir við skráningu:

- Heiti, aldur, kyn, tegund, litarháttur og önnur einkenni hundsins.
- Nafn, kennitala og lögheimili eiganda og annað það sem skráningarblað tekur til.
- Örmerkjanúmer hunds sbr. alþjóðlega staðla.

Þá þarf eigandi að staðfesta við umsókn að hann uppfylli öll skilyrði fyrir hundahaldi samkvæmt samþykkt þessari, þ.m.t. að ákvæði 5. gr. samþykktarinnar séu uppfyllt, ef um fjöleignahús er að ræða.

Ekki er heimilt að vera með fleiri en 5 skráningarskylda hunda á sama heimili.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að halda hvolpa, sem vistaðir eru á skráningarstað móður, án skráningar þar til þeir verða 12 vikna.

Eiganda ber að tilkynna á HEF um aðsetursskipti á www.island.is eða vefsíðu HEF og skal það gert eins fljótt og kostur er og eigi síðar en mánuði frá breytingum.

Eigandi skal afskrá hund á www.island.is eða vefsíðu HEF ef eigendaskipti verða að hundinum, flytur úr sveitarfélaginu eða hann drepst.

Skrá yfir skráða hunda er birt á vefsíðu HEF. Í skránni skal koma fram heimilisfang þar sem hundur er haldinn. Ekki er heimilt að að halda hund þar sem enginn býr.

Greiða skal skráningargjald skv. 13. gr. samkvæmt gildandi gjaldskrá.

5. gr.

Hundahald í fjöleignahúsum.

Um hundahald í fjöleignahúsum fer samkvæmt lögum um fjöleignahús nr. 26/1994. Áður en hundur sem stendur til að halda í fjöleignahúsi er skráður ber eiganda að tryggja að hundahaldið sé í samræmi við ákvæði þeirra laga og reglur viðkomandi húsfélags.

6. gr.

Hundar ekki skráðir á svæði HEF.

Hundar, sem ekki eru skráðir á svæði HEF, mega ekki dveljast þar lengur en þrjá mánuði á almanaksári. Ef fyrir liggur að hundur mun dveljast lengur en þrjá mánuði innan lögsagna umdæmis þeirra sveitarfélaga sem eru undir HEF, þá skal hundur skráður hjá HEF sbr. 4. gr.

Um skammtímaheimsóknir hunda í hús gildir ákvörðun eigenda einbýlis- og fjöleignarhúsa hverju sinni og/eða reglur viðkomandi húsfélags auk laga um fjöleignarhús nr. 26/1994.

7.gr.

Hundar á lögbýlum og þjónustuhundar.

Hunda á lögbýlum skal skrá en þeir eru undanþegnir árlegu eftirlitsgjaldi fyrir allt að tvo hunda. Hundar á lögbýlum mega vera lausir á landi þeirra. Að öðru leyti gilda önnur ákvæði samþykktarinnar um hunda á lögbýlum.

Skrá skal þjónustuhunda s.s. sérþjálfaða leiðsögu- og hjálparhunda, björgunarhunda og löggæsluhunda. Þeir eru undanþegnir árlegu eftirlitsgjaldi.

8. gr.

Hundar í óskilum, handsömun þeirra og hegðun.

Hafi hundur sloppið frá eiganda og hann ekki náð honum eða hundur finnst og eigandi er

ókunnur ber HEF ábyrgð á að taka við dýrinu og vista. Hund skal þá færa í sérstaka hundageymslu og tilkynna eiganda sé hundur merktur um handsömunina, svo fljótt sem auðið er.

Ef hunds er ekki vitjað innan hæfilegs tíma frá handsömun, er HEF heimilt að ráðstafa honum til nýs eiganda eða selja hann fyrir áföllnum kostnaði. Jafnframt er HEF heimilt að ráðstafa hundi í tímabundið/varanlegt fóstur. Séu önnur úrræði fullreynd er heimilt að láta aflífa hundinn.

Hafi óskráður hundur verið handsamaður, er óheimilt að afhenda hann eiganda fyrr en að lokinni skráningu. Heimilt er að taka tillit til þess í gjaldskrá hvort handsamaður hundur sé skráður á svæði HEF sbr. 4. gr. eða öðru sveitarfélagi. Um áfallinn kostnað vegna handsömunar og/eða vistunar vísast til gjaldskrár hverju sinni.

Hafi hundur valdið tjóni s.s. með biti, getur HEF gert kröfu um að eigandi hunds láti hundinn undirgangast skapgerðamat. Matið skal framkvæmt af sérfróðum aðila s.s. dýralækni eða öðrum aðila sem HEF telur til þess bæra. Heimilt er að leita yfirmats ef eftir því er óskað. Allur kostnaður af matinu skal greiddur af eiganda.

Hafi verið kvartað undan ónæði, óþægindum eða óþrifnaði vegna hundahalds, getur HEF krafist þess að eigandi hunds sæki hlýðninámskeið með hund sinn ef ástæða þykir til.

Leiði skapgerðarmat í ljós að hundur telst hættulegur, getur HEF gert kröfu til þess að hundur sé ávallt mýldur utan heimilis eða hafi hann bitið tvisvar eða oftar eða valdið öðrum skaða, getur HEF krafist aflífunar hunds án undangengins skapgerðarmats.

III. KAFLI

Lausaganga, taumskylda og óheimilir staðir

10. gr.

Taumskylda og sérstakar takmarkanir.

Taumskylda er á öllu svæði HEF nema annað sé tekið fram og skal virða hana.

Heimilt er að vera með hunda í taumi á göngustígum sveitarfélaganna, í almenningsgörðum, í Heiðmörk, nema á brunnsvæðum, á hesthúsasvæðum en ávallt í fylgd eiganda eða ábyrgs aðila.

Óheimilt er að fara með hunda á útvistarsvæðum utan göngustíga á skilgreindum varpstöðum fugla innan fólkvanga eða á friðuðu svæði, á varptíma þeirra frá 1. maí-15. ágúst.

Óheimilt er að láta hunda vera lausa innan marka þéttbýlis, nema þjónustuhunda, þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanns.

Sé hundur tjóðraður skal hann vera undir eftirliti eiganda eða einstaklings sem ætla má að hafi vald á hundinum. Þegar hundur er tjóðraður á lóð, skal taumurinn ekki vera lengri en svo að komast megi óhindrað framhjá hundi að aðaldyrum húss. Hundur skal ekki vera tjóðraður nema í stuttan tíma í senn.

Bannað er að árásarþjálfra hunda nema í löggæsluskyni. Hafi eigandi hunds eða eftirlitsaðili (HEF) ástæðu til að ætla að hundurinn sé hættulegur, skal eigandi láta hundinn undirgangast skapgerðarmat hjá til þess bærum aðilum sbr. 10. gr. Leiði niðurstaða matsins í ljós að hundurinn telst hættulegur, skal eigandi hlutast til um aflífun hundsins.

11. gr.

Lausagöngustaðir.

Heimilt er að sleppa hundum lausum í þar til gerð hundagerði og á þeim svæðum sem skilgreind eru sem lausagöngusvæði af sveitarfélögum. Þá er lausaganga heimil utan skipulagðrar íbúðarbyggðar, utan akvega, reiðstíga og skipulagðra göngustíga. Lausaganga skal alltaf vera undir umsjá eiganda eða einstaklings sem ætla má að hafi vald á hundinum.

12. gr.

Óheimilir staðir.

Ekki má hleypa hundum inn í húsrými, s.s. skóla, leikvelli, íþróttavelli eða þá staði, sem um getur í 1. mgr. 19. gr., sbr. fylgiskjal 3 í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Heimilt er þó að fara með hunda inn í íþróttamannvirki, heilbrigðisstofnanir, snyrtistofur og aðra starfsemi sem sérstaklega eru ætluð dýrum. Einnig eru hundar heimilaðir í Strætó og á þeim veitingastöðum sem við á sbr. ákvæði 6. tölul. 19. gr. 6. sem fjallar um þau skilyrði sem eigendur eða rekstraraðilar þurfa að uppfylla.

Óheimilt að hleypa hundum inn í húsnæði matvælafyrirtækja, sbr. reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli, og reglugerð nr. 405/2004 um náttúrulegt ölkelduvatn og átappað lindarvatn.

Víkja má frá fyrirmælum samþykktar þessarar sem banna eða takmarka umferð og dvöl hunda um tiltekna staði þegar um er að ræða þjónustuhunda.

Heilbrigðisnefnd getur skv. 1. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti, veitt undanþágu frá framangreindum ákvæðum í sérstökum tilvikum, þó ekki frá ákvæðum sem er að finna í reglugerðum og lögum.

13. gr.

Bannaðar hundategundir.

Bannað er að halda hunda af þeim tegundum sem óheimilt er að flytja til landsins samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr.200/2020 um innflutning hunda og katta. Þar er um að ræða hunda af tegundunum:

1. Pit Bull Terrier/Staffordshire Bull Terrier
2. Fila Brasileiro
3. Toso Inu

4. Dogo Argentino

5. Aðrar hundategundir eða blendinga, samkvæmt ákvörðun Matvælastofnunar í hverju tilfalli.

6. Blendinga af úlfum og hundum í a.m.k. 10 ætliði.

IV. KAFLI

Gjaldtaka.

13.gr.

Fyrir skráningu hunds skal eigandi greiða gjald sem rennur til HEF, árlegt leyfisgjald. Allir skráðir hundar skulu vera ábyrgðatryggðir og skal ábyrgðartryggingin vera innifalin í árlegu leyfisgjaldi. Gjöldum þessum er ætlað að standa undir kostnaði HEF af hundahaldi og framkvæmd samþykktar þessarar. Sveitarfélögin setja gjaldskrá samkvæmt ákvæðum 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og mega gjöld aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits. HEF skal birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðnda.

Leyfisgjald skal greitt við skráningu hunds og árlegt hundagjald síðan 1. mars með eindaga 1. apríl ár hvert. Kostnaður við handsömun, geymslu og aflifun hunda skal greiddur af eiganda hunds samkvæmt gildandi gjaldskrá þar að lútandi.

V. KAFLI

Stjórnsýsla, kærueimildir, refsiviðurlög og lagatilvísanir

14.gr.

Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness (HEF).

HEF fer með almenna þjónustu við hundaeigendur og aðra íbúa varðandi hundahald í sveitarfélögunum og ber ábyrgð á þeim verkefnum sem því eru falin skv. þessari samþykkt.

HEF fer með málefni heilbrigðisnefndar skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sbr. 3. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samkvæmt samþykktum um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

Stjórnvaldsákvarðanir sem HEF tekur á grundvelli þessarar samþykktar, laga og reglna um gæludýrahald eru kæránlegar til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

15. gr.

Ógilding skráningar vegna brota.

Ef eigandi brýtur gegn lögum um dýravernd, samþykkt þessari eða öðrum reglum, sem um dýrahald gilda, getur HEF krafist ógildingar skráningar og bannað honum að vera með hund í lögsagnarumdæmi sveitarfélaganna.

16. gr.

Aðstoð lögreglu.

HEF getur, ef þörf krefur, leitað atbeina lögreglu við að framfylgja samþykkt þessari og ákvörðunum teknum á grundvelli hennar. HEF getur sett nánari reglur um framkvæmd samþykktar þessarar.

HEF ber að leitast eftir samstarfi við Lögreglu um framkvæmd samþykktar þessar, eftir því sem við á.

17. gr.

Refsiviðurlög.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi sbr. 71. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sbr. einnig 45. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra. Sé um að ræða stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skulu sæta málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

18.gr.

Lagaheimild.

Samþykkt þessi er sett með heimild í 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, í samræmi við 24. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra og með tilliti til reglugerðar nr. 80/2016 um velferð gæludýra og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi samþykktir um hundahald í Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi nr.154/2000, samþykkt um hundahald í Seltjarnarneskaupstað nr.579/2008 með síðari breytingum og samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ nr.332/1998 með síðari breytingum.

Umhverfissráðuneytinu, dags. 2022

F. h. r.